

Fundargerð 15. fundar: Stýrihópur um aukið tjáningar- og upplýsingafrelsi.

Mættir fundarmenn: Hörður Helgi Helgason (formaður), Elfa Ýr Gylfadóttir, Þróstur Freyr Gylfason, Páll Þórhallsson, Elísabet Pétursdóttir

Dags: 10. mars 2016.

Fundargerð:

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerðir. Ákveðið var að geyma afgreiðslu þeirra sem og skýrslu þar til síðar.

Uppfærð frumvarpsdrög PP til laga um ærumeiðingar voru rædd. PP upplýsti fundarmenn um að hann hafi unnið talsvert í greinargerð og kynnti þær breytingar.

Páll fjallaði um orðalag 3. tölul. 2.mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Rætt var um hvort kanna þyrfti þá dóma sem fallið hafa á tilteknu tímabili til að kanna hvort frumvarpstillögurnar taki til allra þeirra mála sem hafa komið upp.

Rætt var um hvort hægt væri að fá aðstoð við að skrifa greinargerð með frumvarpinu.

Þróstur spurði út í meiðyrðamálaflakkið. Honum voru veittar upplýsingar um afgreiðslu þeirra mála og hvers vega stýrihópurinn ákvað að leggja það mál til hliðar.

HHH greindi Þresti frá vinnu AÁ við að búa til "roadmap" fyrir vernd afhjúpenda. Þróstur var spurður hvort hann væri tilbúinn að taka við þeim bolta. Hann gerði grein fyrir ýmsum álitamálum í tengslum við efnið. Ákveðið var að Þróstur færi að vinna í málinu.

Ákveðið var að Páll myndi senda hópnum afrit af frumvarpi PH til laga um þagnarskyldu opinberra starfsmanna, sem nú liggur hjá forsætisráðuneytinu.

Næstu fundir ákveðnir:

31. mars 2016, kl. 9.00-11.00

20. apríl 2016, kl. 9.00-11.00